

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 445/1990. **Anders Hansen**

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

gegn

**Kaupþingi hf.**

(Kjartan Ragnars hrl.).

Víxilmál. Sýning til greiðslu. Tilkynning greiðslufalls.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1990. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt.

Víxill sá, sem um er deilt í máli þessu, er í lögmætu formi, eins og staðfest er í héraðsdómi. Hefur áfrýjandi ekki leitt í ljós, að samningar aðila varðandi afhendingu víxilsins hafi staðið því í vegi, að stefndi yrði talinn hafa heimild til að færa inn tiltekinn dag sem gjalddaga á víxlinum, sbr. 10. gr. víxillaga nr. 93/1933. Á hinn bóginn hefur áfrýjandi fært að því sönnur, að víxillinn hafi ekki verið sýndur til greiðslu á þeim tíma, sem skylt var miðað við þennan gjalddaga, en greiðslustaður hans var í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Ber víxillinn ekki merki þess að hafa verið lagður inn í þeim banka, og fyrir liggur nú vottorð þess efnis frá víxladeild aðalbankans að Austurstræti 11 í Reykjavík, að víxillinn hafi ekki verið sýndur eða skráður þar til innheimtu. Ágreiningslaust er, að áfrýjanda var ekki tilkynnt um greiðslufall á gjalddaganum.

Sú málsvörn áfrýjanda, að víxillinn hafi ekki verið sýndur á greiðslustað, varðar aðferð við að halda víxilkröfu í gildi og verður þannig höfð uppi í víxilmáli, sbr. 2. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og nú 2. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður henni komið að hér fyrir dómi, eins og málinu er háttað, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. víxillaga bar stefnda að sýna hinn umdeilda víxil til greiðslu í Landsbanka Íslands á gjalddaga hans eða öðrum hvorum hinna næstu virkra daga þar á eftir. Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. laganna bar honum og að tilkynna áfrýjanda, ef greiðslufall yrði. Leysti það stefnda ekki undan þessum kvöðum gagnvart áfrýjanda, að víxillinn bar áritunina „án afsagnar“, sbr. 2. mgr. 46. gr. laganna, en í henni fólst fyrirvari um fullnustu án kostnaðar. Í máli þessu er það nægilega fram komið, að skilyrðin um sýningu víxilsins voru ekki uppfyllt af hálfu stefnda. Samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laganna hafði hann þannig glatað rétti sínum gegn áfrýjanda sem útgefanda víxilsins, þegar málið var höfðað. Verður áfrýjandi því sýknaður af kröfum stefnda.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Anders Hansen, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Kaupþings hf., í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. október 1990.**

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Eggert B. Ólafsson hdl., Borgartúni 33, Reykjavík, f. h. Kaupþings hf., Kringlunni 5, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. janúar sl., gegn Anders Hansen, Skagaseli 10, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.100.000 kr. auk dráttarvaxta skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 [og málskostnaðar].

Stefndi krefst þess aðallega að verða algerlega sýknaður og sér dæmdur málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti skv. l. nr. 50/1988 og að viðbættum dráttarvöxtum á málflutningslaun skv. 10. og 12. gr. III. kafla l. nr. 25/1987. Til vara er þess krafist, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð, enda verði málskostnaður látinn niður falla.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

#### *Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.*

Mál þetta höfðar stefnandi til heimtu skuldar samkvæmt fram lögðum tryggingarvixli, út gefnum og framseldum af stefnda. Vixillinn er út gefinn

15. nóv. 1988 með gjalddaga 15. janúar 1989 til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, að fjárhæð 1.100.000 kr. Vixillinn er án afsagnar.

Stefnandi styður kröfur sínar við reglur víxillaga nr. 39/1933, aðallega 48. gr., og höfðaði málið sem áskorunarmál skv. XX. kafla 1. nr. 85/1936, sbr. 1. nr. 54/1988. Málið er rekið skv. XVII. kafla 1. nr. 85/1936. Krafist er dráttarvaxta skv. 10. gr. 1. nr. 25/1987, skv. 2. mgr. 14. gr. sömu laga, sbr. 3. mgr. 175. gr. 1. nr. 85/1936, sbr. 10. gr. 1. nr. 25/1987. Einnig reisir stefnandi kröfur sínar á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um greiðslu fjárskuldbindinga. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þóknun sinni. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt með vísan til 208. gr. 1. nr. 85/1936, að varnir stefnda fái komist að í máli þessu. Þar fyrir utan er því haldið fram, að stefnandi hafi haft fulla heimild til að eyðufylla viðkomandi víxil og orðið „tryggingarvíxill“ breyti engu um lögmæti víxilsins í skilningi 1. gr. 1. nr. 93/1933.

#### *Málsástæður og rökstuðningur stefnda.*

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda á þeirri forsendu, að dskj. 2 sé eigi víxilskuldbinding, heldur hafi á sínum tíma verið lagt til Kaupþings hf. sem skjal til tryggingar vegna viðskipta Kaupþings hf. og Fjölnis hf. Þannig hafi skjalið verið í formi víxilskuldbindingar, en þó eigi víxill. Eigi hafi verið tilgreindur útgáfudagur eða gjalddagi á skjalinu. Viðskiptum milli Fjölnis hf. og Kaupþings hf. hafi lokið á árinu 1987, en þá hafi bú Fjölnis hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta. Stefndi hafi án árangurs krafist þess að fá tryggingarskjalið afhent. Hins vegar hafi stefnandi látið dagsetja skjalið, þ. e. með útgáfudegi og gjalddaga, og þannig breytt skjalinu í víxil. Hafi það verið gert án vitundar og samþykkis útgefandans, Anders Hansen.

Svo sem skjalið beri með sér, sé orðið tryggingarvíxill ritað á skjalið. Skjalið sé eigi víxill í merkingu 1. nr. 39/1933. Tryggingarskjalinu hafi verið breytt í því skyni að knýja fram greiðslu í skjóli ákvæða víxillaga. Eigi fái staðist, að unnt sé að hagnýta sér tryggingarskjal frá fyrri tíma m. þ. a. færa inn síðari tíma dagsetningu, löngu eftir að skjalið var afhent, löngu eftir að viðskiptum aðila er lokið og bú aðalskuldara hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Engri skuld sé til að dreifa að baki tryggingarskjalinu. Kaupþing hf. hafi hvort tveggja keypt kröfur og fengið auk þess kröfur afhentar án greiðslu til jöfnunar á hugsanlegri skuld á viðskiptamannareikningi. Engri kröfu sé því til að dreifa á hendur Fjölni hf. og Anders Hansen.

Varakrafa stefnda er gerð með þeim rökum, að Kaupþing hf. hafi eigi fengist til þess að leggja fram glöggar upplýsingar um stöðu krafna. Væri slíkt hins vegar gert og fram kæmi, að um skuld væri að tefla, svo að óyggjandi

verði að telja, kunni stefndi að bera nokkra ábyrgð, þó aðeins á grundvelli þeirrar tryggingar, sem afhent var Kaupþingi hf. á sínum tíma.

### *Niðurstaða.*

Mál þetta er höfðað sem áskorunarmál til heimtu víxilskuldar samkvæmt XVII. kafla l. nr. 85/1936 til greiðslu víxils, sem stefnandi hefur lagt fram með formlega löglegri heimild sér til handa. Vixill þessi fullnægir formskilyrðum 1. gr. l. nr. 93/1933.

Hafi stefndi og Fjöldnir hf. gefið út og samþykkt vixilinn á dskj. 2 án þess að tiltaka útgáfudag og greiðsludag, verður að telja í því felast heimild til vixilhafa til að rita vixilinn að fullu.

Vixlar eru formskjöl. Sérreglur um rekstur vixilmála eru í XVII. kafla l. nr. 85/1936. Í 208. gr. laganna eru upp taldar þær varnarástæður, sem heimilt er að bera fram í vixilmáli. Með reglum þessum er girt fyrir það, að viðskipti þau, sem á bak við vixilinn liggja, verði dregin inn í vixilmálið. Skiptir ekki máli í þessu sambandi, að á vixilinn er ritað „tryggingarvixill“. Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, og þar sem varnir stefnda eru þess eðlis, að þeim verður ekki komið að í vixilmáli, ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 150.000 kr., sem beri vexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Við ákvörðun málskostnaðar var tekið tillit til virðisaukaskattsskyldu af málflutningsþóknun.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

### **D ó m s o r ð:**

Stefndi, Anders Hansen, greiði stefnanda, Kaupþingi hf., 1.100.000 kr. með vöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. janúar 1989 til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað, sem beri vexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Greiðslur samkvæmt dómi þessum greiðist innan fimmtán daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.